

X
X
600 Akureyri

Reykjavík, 11. nóvember 2020
Tilvísun: OS2020070021/10.5
Verknúmer: 4353320

Efni: Kvörtun vegna skemmda í vinnubúðum

Málsatvik

Orkustofnun barst kvörtun dags. 7. júlí 2020 með bréfi frá *D* fyrir hönd *G* tjóns sem varð vegna rafmagnsleysis 11. desember 2019 og dagana á eftir. Í kvörtuninni er vísað til svarbréfs RARIK, dagsettu 16. júní 2020 við kvörtun *G*, vegna ófullnægjandi raforkugæða og tjóns sem þeim fylgdi í kjölfar truflana sem urðu 11. desember 2019.

Í kvörtuninni kemur fram að rafmagnsleysið hafi valdið skemmdum á matvöru og öðru hráefni í vinnubúðum félagsins að *M*. Vegna rafmagnsleysis í desember verður straumrof sem veldur umræddu tjóni.

Með kvörtuninni fylgdi niðurstaða RARIK í afgreiðslu á tjónskrófu kvartanda dags. 16. júní 2020 þar sem RARIK hafnar bótaskyldu. Að mati kvartanda ber RARIK ábyrgð á tjóninu.

Málsástæður og sjónarmið aðila

Í kvörtun kemur m.a. fram:

Vegna framkvæmda við X hefði félagið komið sér upp vinnubúðum að M. Vinnubúðir þessar eru í notkun meðan á framkvæmdum stendur, en ekki yfir háveturinn. Hita er haldið í þeim m.a. til að tryggja eðlilegt rakastig og þar er geymd matvara, bæði þurrvara, niðursuðuvörur og frystar matvörur. Við straumrofið sem varð fyrirhluta desember s.l. skemmdust matvörur og annað hráefni að verðmæti um 480.000 kr. Það er alveg ljóst að ef allt hefði verið eðlilegt og rafmagn aftur komið á innan ákveðins tímafrá orkurofi, hefði þetta tjón ekki orðið.

Í kvörtun segir að RARIK hafi lokið umfjöllun sinni um kvörtun félagsins þar sem í niðurstöðunni segir að tjónið sé rakið til óviðráðanlegrar og fyrirvaralausrar truflunar og að RARIK hafi brugðist við því í samræmi við viðtekið verlag. Slíkt rafmagnsleysi sé því miður óhjákvæmilegur hluti viðurkenndra raforkugæða án þess að skýra það nokkuð frekar.

Á þessa forsendu getur kvartandi ekki með nokkru móti fallist og vísar máli sínu til stuðnings í 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003 þar sem fram komi skýrar skyldur flutningsfyrirtækis raforku, þar með taldar skyldur til þess að tryggja öryggi notenda.

Sjónarmið RARIK

Orkustofnun bauð RARIK að tjá sig um kvörtunina ásamt því að stofnunin óskaði sérstaklega eftir upplýsingum um einstök atriði með bréfi dags. 14. ágúst 2020. RARIK veitti svör og umsögn um kvörtun með bréfi dags. 26. ágúst 2020.

Í umsögninni koma fram skýringar á umræddu rafmagnsleysi ásamt upplýsingum um tímalengd þess. Segir í umsögninni að rafmagnsleysið hefði hafist þann 10. desember kl. 12:01 þegar 66 kV flutningslína Landsnets frá Laxá til Kópaskers brotnaði í ofsaveðri sem gekk yfir landið á þessum tíma. Við það hefði afhending raforku frá landsneti á afhendingarstaðnum *L* rofnað, en kvartandi tengist þangað í gegnum háspennujarðstreng RARIK. Ekki hefði verið um að ræða bilum í dreifikerfi RARIK á milli *L* og notkunarstaðs kvartanda. RARIK hefði lagt til starfsmenn til að aðstoða Landsnet við viðgerðir vegna bilana í flutningskerfi sem einnig urðu víða á Norðurlandi, bæði miklar og alvarlegar, þ.m.t. á Kópaskerslínu. Það sé ágreiningslaust að rafmagnsleysi á þessu svæði hefði orsakast vegna ofsaveðurs. Fyrirtækið hefði verið í viðbragðsstöðu vegna illviðris sem var spáð og allur tiltækur mannskapur var klár, ásamt því að búið var að fara yfir tæki og vélar.

Til að minnka áhrif tjóns á flutningslínu á 66 kV flutningslínu Landsnets frá Laxá til Kópaskers sem olli umræddu rafmagnsleysi, tókst RARIK að útvega varafl við *L* þegar þann 10. desember um kl. 14, sem náði þó ekki að fullnægja allri rafmagnspörf á svæðinu. Því var rafmagn skammtað þangað til 13. desember kl. 16 þegar stærri varaafsvél var tengd *L*. Heildarrafmagnsleysi með skömmtun stóð yfir í 76 tíma en RARIK hefur ekki upplýsingar um tímasetningar skömmtunar. Viðgerð á flutningslínu Landsnets til Kópaskers hefði lokið þegar *L* var spennusett frá nýrri línu þann 14. desember kl. 17:45.

RARIK áréttar í umsögn sinni þau sjónarmið fyrirtækisins að tjón sem tjónþoli tilgreinir stafi af skemmdum á frystivöru vegna fyrirvaralauss og óviðráðanlegs rafmagnsleysi, sem ekki er á nokkurn hátt hægt að rekja til aðgerða eða aðgerðaleysis RARIK, mannlegra mistaka eða ágalla á vinnubrögðum dreifiveitunnar. Ófyrirséð og óviðráðanlegt straumleysi er óhjákvæmilegur hluti viðurkenndra raforkugæða sem ekki er unnt að koma í veg fyrir. RARIK hafnar því að dreifiveita sé bótaskyld í þessu tilviki.

Athugasemdir kvartanda við sjónarmið RARIK

Orkustofnun bauð kvartanda að koma á framfæri athugasemdum við afstöðu RARIK til kvörtunarinnar með bréfi dags. 7. september 2020 (einnig sent í tölvupósti til *D* og *G*). Athugasemdir bárust með tölvupósti 17. september 2020 frá *D* sem einnig innhélt bréf (óundirritað) kvartanda. Í bréfinu mótmælir kvartandi þeirri afstöðu RARIK sem fram komi í umsögn dags. 14. ágúst að RARIK geti fyrrað sig ábyrgð á því tjóni sem kvartandi hafi orðið fyrir. Kvartandi sé í viðskiptum við RARIK en ekki Landsnet og geti dreifiveitan því ekki varpað ábyrgðinni á Landsnet.

Forsendur og niðurstaða

Samkvæmt lýsingu kvartanda verður tjón á matvöru og öðru hráefni við rafmagnsleysi dagana 11. desember og dagana þar á eftir. Samkvæmt RARIK átti umrætt tilvik rafmagnsleysis sér stað þann 10. desember kl. 12:01 þegar tjón varð á rafmagnslínu frá Laxá til Kaupskers og hún brotnaði en við það rofnaði afhending raforku frá Landsneti til afhendingastaðarins Lindabrekku. Samkvæmt upplýsingum frá RARIK var heildartími rafmagnsleysis 76 klst. en einnig var keyrt varafl sem leiddi til þess að algert rafmagnleysi stóð ekki yfir allan þennan tíma en RARIK hefur ekki upplýsingar um rauntíma á rafmagnleysi í Lindabrekku. Samkvæmt RARIK er orsök rafmagnleysis tjón í flutningskerfi Landsnets en ekki í dreifikerfi RARIK og er óumdeilt að umrætt tjón á rafmagnslínu Landsnets varð þegar ofsaveður gekk yfir landið í desember. Er því um að ræða óviðráðanlegt og ófyrirséð atvik vegna óveðurs. Samkvæmt RARIK er orsök rafmagnleysis tjón í flutningskerfi Landsnets en ekki í dreifikerfi RARIK

Samkvæmt skilgreiningu 1. tl. 3. gr. raforkulaga nr. 65/2003 er dreifveita fyrirtæki sem hefur leyfi til dreifingar raforku á afmörkuðu svæði. Í 2. tl. er dreifiveitusvæði skilgreint sem landssvæði þar sem dreifiveita hefur einkarétt og skyldu til dreifingar raforku.

Um starfsemi og skyldur dreifveitu er fjallað um í 16. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Dreifiveita annast dreifingu raforku og kerfisstjórnun á dreifiveitusvæði sínu. Hún skal viðhalda, endurbæta og byggja dreifikerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni. áreiðanleika afhendingar og gæða raforku sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna.

Orkustofnun bendir á að ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 1048/2004 um gæði raforku og afhendingaröryggi, kveður á um að þegar um truflanir er að ræða í kerfum flutningsfyrirtækis, dreifiveitna eða vinnslufyrirtækja sem valda flutningstakmörkunum, skerðingu á raforku eða færa ástand þeirra úr skorðum svo það lendi utan marka þeirra viðmiða sem reglugerðin setur, skulu framangreind fyrirtæki bæta rekstrarástand kerfa sinna svo fljótt sem kostur er. Meðan truflun er skal sá sem ber ábyrgð á viðkomandi virki gera það sem unnt er til að takmarka áhrif hennar. Ekkert bendir til þess að RARIK hafi ekki sinnt skyldu sinni samkvæmt 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 1048/2004 um að bæta rekstrarástandi kerfa sinna svo fljótt sem kostur er og gera það sem unnt er til að takmarka áhrif rafmagnsleysisins. Settar voru upp varaafstöðvar um leið og kostur var, viðbúnaður starfsmanna RARIK var eflur og búnaður, vélar og tæki yfirfarin.

Dreifiveitu er skylt að greiða þeim notendum bætur sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu. Kveðið skal á um fjárhæð bóta og bótaskyld tilvik í reglugerð sbr. 8. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Það sama á við um skyldur flutningsfyrirtækisins enda bættist efnislega samhljóða töluliður við 3. mgr. 9. gr. samhljóða í frumvarp til breytinga á raforkulögum nr. 19/2011. Bæturnar eru annars vegar til dreifiveitna og hins vegar notenda sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu. Í nefndaráliti við frumvarpið er fjallað um þann tölulið sem bættist við 3. mgr. 9. gr. um flutningsfyrirtækið. Þar kemur fram að skerðing af völdum fávirkis eða náttúruhamfara eru undanskilin og að bæturnar séu hefðbundnar skaðabætur. Með langvarandi skerðingu er átt við skerðingu sem nemur meira en 12 klukkustundir. Ekki er fjallað um töluliðinn sem bættist við 3. mgr. 16. gr. en eins og fram hefur komið eru þeir efnislega samhljóða.

Af ofangreindu nefndaráliti við frumvarp til breytinga á raforkulögum nr. 19/2011 er skerðing af völdum fávirkis eða náttúruhamfara undanskilin bótaábyrgð dreifiveitu. Hlutlæg bótaábyrgð stofnast án tillits til þess hvort tjón verði rakið til sakar. Í ljósi þess að sú skerðing á afhendingu rafmagns sem um ræðir getur ekki talist bótaskyld samkvæmt 8. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga nr. 65/2003 eru skilyrði hlutlægrar bótaábyrgðar ekki uppfyllt. Bótaábyrgð vegna tjónsins verður því ekki lagt á RARIK á grundvelli hlutlægrar bótaábyrgðar.


Í ljósi framangreinds telur Orkustofnun að RARIK sé ekki ábyrgt fyrir tjóni á matvöru og öðru hráefni í vinnubúðum kvartanda að *M* og að RARIK beri ekki að bæta það.

Ákvörðunarorð

Kröfu *G* um að RARIK sé bótaskyld vegna tjóns á matvöru og hrávöru vegna rafmagnsleysis að *M* er hafnað.

Stjórnvaldsákvarðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga og varða gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækisins eða dreifiveitna sæta kæru til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 1. mgr. 30. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra,


Sigurður H Magnússon
verkefnastjóri


Hanna Björg Konráðsdóttir
lögfræðingur

Afrit sent til: RARIK, Dvergshöfða 2, 110 Reykjavík.